



LEIKSKÓLINN STAKKABORG

Gleði – hreyfing – vinátta

NÁMSKRÁ UNNIN SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

INNIHALD

Leikskólinn Stakkaborg	3
Leiðarljós Stakkaborgar	4
Gildi, markmið og leiðir	4
Grunnþættir menntunar	5
NÁMSVIÐ, MARKMIÐ OG LEIÐIR	5
LÆSI OG SAMSKIPTI	6
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN	7
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI	8
SKÖPUN OG MENNING	9
SJÁLFSEFLING	10
FÉLAGSFÆRNI	11
Hugmyndafræði leikskólans	12
DEWEY	12
LEIKUR	12
FLÆÐI	13
FJÖLMENNING	13
VINÁTTA	14
LUBBI	15
HUGARFRELSI	15
Menning og hefðir	15
Stjórnun og samstarf	17
STJÓRNUN OG STARFSMANNASTEFNA	17
SAMSTARF LEIKSKÓLA OG FORELDRA	18
SAMSTARF MILLI SKÓLASTIGA	19
SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI	19
Mat á námi og velferð barna	20
INNRA MAT	20
FERILMÖPPUR	20
SKRÁNING	20
MATSLISTAR	21
FORELDRAVIÐTÖL	21
YTRA MAT	21
Stuðningur í leikskóla	22
GRUNUR UM FRÁVIK	22
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	22
SÉRKENNSLA OG MÁLÖRVUN	22

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerð við þau lög frá árinu 2009. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrst skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það var gefin út Aðalnámskrá leikskóla (2011) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarf í leikskólum.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er ramma um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla.

(Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 7)

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að hver leikskóli sé sjálfstæð eining og móti sína uppeldisstefnu og vinni eftir þeirri hugmyndafræði sem hver og einn leikskóli byggir á. Einnig ber leikskólum Reykjavíkurborgar að vinna eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar og þeim áherslupáttum sem fram koma í stefnunni. Rekstur og stjórnun leikskóla fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og er markmið og leiðarljós þess að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Áhersla er einnig á gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og að í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er alþjóðlegur samningur sem leikskólinn starfar eftir. Hann var undirritaður 1989, fullgildur fyrir Íslands hönd 1992 og lögfestur hér á landi 2013. Barnasáttmállinn er því hluti af íslenskri löggjöf og fjallar um réttindi barna m.a. til menntunnar, leiks og tjáningarfrelsis. <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>

Skólanámskrá var unnin í samvinnu við starfsmenn á starfsdögum þar sem hver þáttur menntastefnunnar var tekinn fyrir. Hópurinn fór í gegnum gátlista menntastefnunnar saman og lagði til aðferðir og hugmyndir að því hvernig unnið væri með hvern þátt.

LEIKSKÓLINN STAKKABORG

Leikskólinn Stakkaborg hóf starfsemi sína 6. janúar 1983.

Í upphafi var Stakkaborg 2ja deilda einsetinn leikskóli með 17 börn á aldrinum 1-6 ára á hvorri deild. Þáverandi leikskólastjóri var Ingibjörg Kristín Jónsdóttir. Örar breytingar urðu á árunum 1992-1997 og fjölgaði börnunum úr 34 í 49. Ólafía Björk Davíðsdóttir tók við stjórn skólans 1996 og starfaði sem leikskólastjóri þar til ársins 2019. Árið 1997 bættist við þriðja deildin þar sem áður var skóladagheimili. Garður leikskólans ver mikið lagfærður 2016 og gert sitthvort svæðið fyrir yngri og eldri nemendur. Í mars 2019 tók Jónína Einarsdóttir við stjórn leikskólans og dvelja að jafnaði í kringum 70 börn í leikskólanum á þremur deildum. Sumarið 2020 voru gerðar endurbætur á minna húsnæðinu, deildin endurgerð, rými fyrir sérkennslu, undirbúning, fundaraðstaða og kaffistofa starfsfólk lagað og endurbætt. Starfsfólk eru um 22 í mismunandi stöðuhlutföllum en flestir í fullri vinnu.

Nöfn deilda leikskólans eru sótt í heim ævintýranna, Sjónarhóll, Undraland og Kattholt. Á Sjónarhóli eru yngstu börnin en þau eru í litla húsinu og hafa sérgarð. Í stóra húsinu er Undraland en þar er miðhópurinn og Kattholt er deild elstu barnanna í leikskólanum.

Heimasíða leikskólans er www.stakkaborg.is

Netfang leikskólans er stakkaborg@rvkskolar.is

Sími leikskólans er 411-3150

Leikskólinn er staðsettur við Bólstaðahlíð 38, 105 Reykjavík.

LEIÐARLJÓS STAKKABORGAR

Gleði - hreyfing - vinátta

Gildi, markmið og leiðir

Samkvæmt lögum er leikskólastigið fyrsta skólastig barnsins og því upphafið að menntun hvers barns. Í leikskólanum Stakkaborg er lögð áhersla á að nemendum líði vel, njóti sín á eigin forsendum, styrki sjálfsmynd og sjálfstæði. Það gerum við í gegnum leikinn og með leiðarljós okkar í for

Gleði: Með gleðinni mætum við til starfs og náms. Við leggjum áherslu á við starfsfólk að sýna gleði og kenna nemendum að vinna með gleðina og vellíðan.

Markmið með gleði: að nemendunum í leikskólanum líði vel, að nemendur njóti sín við leik og starf innan leikskólans. Að nemendur upplifi gleði við að ná árangri og upplifi árangur í námi.

Hreyfing: Við leggjum áherslu á hreyfingu nemenda, bæði inni og úti. Við nýtum hreyfingu í leikjum bæði inni og í útikennslu. Við nýtum sal leikskólans til hreyfingar og höfum aðgang að íþróttahúsi Háteigsskóla. Við fáum einnig inn danskennslu í leikskólann fyrir þrjá elstu árgangana.

Markmið með hreyfingu: að nemendur fái gott tækifæri til að vinna með alhliða hreyfingu, bæði gróf og fínhreyfingu. Að nemendur fái tækifæri til að læra leiki og aðferðir hreyfingar til að efla sig. Með hreyfingu er unnið með ýmsa mikilvæga þætti í þroska einstaklinga, s.s. skrið, standa á einum fæti, hlaupa, hoppa, sjálfsaga, hreyfingu og njóta þess að dansa. Með skipulagðri leikfimi læra þau um eigin líkama, getu, rými, hugtök, samvinnu, fara eftir reglum, bíða og að tilheyra stórum hóp. Þessa þætti teljum við alla mikilvæga og þroskandi. Mikilvægt er að athafnaþörf nemenda fái notið sín og nemandi læri gegnum þá reynslu og uppgötvanir sem það aflar sér. Hreyfing er því stór þáttur í starfi okkar, bæði skipulögð og frjáls hreyfing.

Vinátta: Með vináttu er unnið á ýmsa vegu í leikskólanum. Við kennum nemendum að vera í hóp með öðrum og eflum vináttu á milli þeirra. Í leikskólanum er unnið markvisst með námsefni Barnaheilla Vinátta þar sem er lögð áhersla á umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Við leggjum höfuðáherslu á þá þætti sem lúta að mannlegum samskiptum. Lagt er áhersla á að nemendur læri í gegnum leikinn, samskipti og samveruna hvort við annað.



Markmið með vináttu: að nemendur læri að vera til staðar fyrir hvert annað, læri að miðla málum, læri samskipti sín á milli og læri umburðarlyndi gangvart öðrum.



GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR

Grunnpættir menntunar birtast í Aðalnámskrá leikskóla og eru sex talsins. Grunnþættir menntunar kortleggja þau megin svið almennrar menntunar sem skólakerið stefnir að (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 10). Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétt og sköpun.



Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 11)

NÁMSVIÐ, MARKMIÐ OG LEIÐIR

Í Aðalnámskrá er fjallað um námsvið leikskólans en þau byggja á þeim sex þáttum grunnþáttum menntunar sem námskráin fjallar um. Þessi námsvið samtvinnast og eiga að vera samofin öllu starfi leikskólans.

Námssvið leikskólans skiptast niður í eftirfarandi fjóra þætti : Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Námssvið leikskólans eiga að:

- Vera hluti af leik barna.
- Vera samþætt daglegu starfi leikskóla.
- Vera heildstæð og byggjast á reynslu barna.
- Byggjast á áhuga barna og hugmyndum.
- Taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms.
- Vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna.
- Hvetja til samvinnu og samstarfs.
- Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.
- Hvetja til ímyndunar og sköpunar.
- Vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana.
- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna.
- Efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni.
- Stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu.
- Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.



(Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 29)

LÆSI OG SAMSKIPTI

Börn nota ýmsar leiðir til að eiga samskipti sín á milli og við aðra. Börnin nýta tungumálið og ýmislegt annað til tjáningar s.s. hljóð, látbragð, dans og snertingu. Með samskiptum efla börn sjálfstæði, félagsfærni og sjálfsmynd þeirra styrkist. Fram kemur í Aðalnámskrá að markmið læsis sé að kenna börnum að vera virkir þátttakendur og öðlist hæfni til að lesa í umhverfið sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir.



Í Menntastefnu Reykjavíkur um læsi kemur fram : Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í Stakkaborg eru nemendum skapaðar aðstæður til að eiga góð samskipti og tækifæri til að læra jákvæð samskipti sín á milli og við fullorðna. Við sköpum aðstæður fyrir nemendur til að tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið. Við nýtum sögur, ljóð, þulur og sönglög til að vinna með læsi á fjölbreyttan hátt. Í leikskólanum er unnið með ritað mál og tákni til að efla læsis þekkingu nemenda enn frekar. Með læsi og samskiptum er horft til þess að gefa nemendum tækifæri til að deila skoðunum og sínum hugmyndum á meðal samnemenda til að efla sjálfstæði og sjálfsmynd þeirra.

Markmið:

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samskipti milli allra bæði barna og fullorðinna endurspegli gildi leikskólans gleði, hreyfingu og vináttu. Að nemendur vinni með læsi á sem fjölbreyttastan hátt í öllu starfinu, í frjálsum leik, útiveru og í skipulögðum stundum s.s. Lubbastund. vináttustundum eða hópastarfi.

Leiðir að markmiðum:

- Við lesum fyrir nemendur á hverjum degi, markvisst er sungið lög með hreyfingum.
- Nýttar eru fjölbreyttar aðferðir við lestur og frásagnir.
- Unnið er með bókstafi og hljóð í gegnum námsefnið Lubbi finnur málbein.
- Nemendur hafa gott aðgengi að bókum á öllum deildum.
- Unnið er með Vináttu verkefni Barnaheilla þar sem nemendur fá þjálfun og kennslu í samskiptum og vináttu.
- Við hvetjum starfsmenn og nemendur til að sýna hlýlegt og vinalegt viðmót.
- Tölur, stafir, tákni og myndir eru sýnileg á öllum deildum í hæð barnanna.



HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Hreyfing er börnum eðlislæg og með hreyfingu stuðlum við að vellíðan einstaklingsins. Í gegnum hreyfingu efla nemendur gleði og ánægju. Það er mikilvægt að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl, hvílist, borði hollan mat, læri um hreinlæti og hreyfingu. Mikilvægt er að daglegt starf leikskólans stuðli að líkamlegri og andlegri vellíðan. Í leikskólanum á umhyggja að einkenna starfið og þar er þáttur starfsmanna mikilvægur í því að sýna nemendum umhyggju og mynda tengsl við nemendur.

Í Stakkaborg fara allir nemendur út á hverjum degi og fá þá tækifæri til hreyfingar og til að efla eigin getu í tengslum við útiveru. Elstu þrír árgangar leikskólans fara í íþróttahús Háteigsskóla einu sinni í viku þar sem unnið er með fjölbreytta hreyfingu. Á hverju ári höfum við fengið danskennara til okkar með námskeið í 8-10 vikur á hvorri önn en foreldrar greiða aukalega fyrir þetta verkefni þar sem danskennarinn er ekki fastur starfsmaður hér.

Markmið: Að nemendum líði í vel í leikskólanum og kynnist fjölbreyttri hreyfingu í gegnum leik og starf.

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur fá hollt og gott fæði í leikskólanum þar sem leitast er við að hafa fjölbreyttan og næringarríkan mat.
- Nemendur læra að skammta sér sjálfir.
- Nemendur læri að njóta matartímans sem gæðastundar, nýta í spjall og njóta þess að borða.
- Almennt unnið með hreinlætisvenjur s.s. handþvott.
- Nemendur fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttum nemendum í leikskólanum í gegnum flæðið.
- Að nemendur fái tækifæri til að hvíla sig í leikskólanum, á yngri deildum sofa nemendur og á eldri deildum róleg hvíld eftir hádegismat.
- Aðferðir frá Hugarfrelsi í joga nýttar með nemendum.
- Nemendur nýta nuddsögur úr vináttustundum úr Vináttuverkefni Barnaheilla.
- Nemendur fá tækifæri til að fara í íþróttahús Háteigsskóla, skipulagðir og frjálsir tímar.
- Salur leikskólans er nýttur í hreyfingar.
- Fjölbreytt útivera þar sem farið er í lengri og styttri ferðir, allar deildir fara út daglega.



SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Tækifæri til að kanna og reyna að skilja umhverfið er hluti af þroskaferli nemenda. Börn læra á því að horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka og bera saman hluti. Að gefa nemendum tækifæri til að rannsaka og kanna umhverfið er mikilvægur þáttur. Í Aðalnámskrá er lögð áhersla á það að vinna með náttúru, samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni. Lögð er áhersla á að spyrja nemendur spurninga sem vekja þau til umhugsunar um náttúruna, sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Í Stakkaborg fara nemendur mikið út að leika í manngerðu umhverfi. Einnig er farið um nánasta hverfi leikskólans s.s. Klambratún ofl. Eftir því sem nemendur eldast stækkar það svæði sem farið er með nemendur og þá er hugað að ýmsum fyrirbærum í náttúrunni, vistspori okkar og nemendum kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru.

Markmið: Að nemendur læri á nærumhverfi leikskólans. Að nemendur læri að umgangast náttúruna og fái tækifæri til að vinna að verkefnum tengdum náttúrunni, sjálfbærni og endurvinnslu.

Leiðir að markmiðum:

- Göngutúrar um nærumhverfi þar sem rætt eru um náttúru, veðurfar og umhverfi.
- Gerum tilraunir með umhverfið, t.d. að rannsaka snjóinn, vatnið, dýralífið og gróðurinn.
- Við hvetjum nemendur til umhugsunar og vinnum með könnunaraðferðina til að styðja við fróðleikspörsta þeirra og getu til að rannsaka umhverfið og spyrja spurninga.
- Við ræðum um náttúrleg ferli t.d. með því að rækta kartöflur og plöntur. Gerum tilraunir með niðurbrot lífræns úrgangs.
- Nemendur fara í ferðir með pappa og plast í endurvinnslutunnur í hverfinu.
- Nemendur hafa kost á skynjunarrými þar sem þeir fá aðgang að ólíkum upplifunum, t.d. ljós og skugga, norðurljós og mánaskin, efni með ólíka áferð og viðkomu.
- Með nemendum fylgjum við eftir þeirra könnun á eigin umhverfi og erum til tilbúin að svara og ígrunda það sameiningu.
- Börnin á yngstu deild leikskólans fara í könnunarleik, þar sem þau fá tækifæri til að upplifa/vinna með margskonar mismunandi efnivið.



SKÖPUN OG MENNING

Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín (Aðalnámskrá leikskóla, bls 45). Mikilvægt að umhverfi leikskólans örvi og styðji við sköpunarkraft barnanna. Starfsmenn eiga að hvetja nemendur til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða með því að nýta fjölbreytta tækni og virkja áhuga og sköpunarferlið í gegnum leik og gleði.

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar segir: Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Markmið: Í tengslum við þennan þátt höfum við í Stakkaborg sett okkur markmið að nýta og vinna með sköpun á sem margvíslegastan hátt.

Leiðir að markmiðum:

- Við vinnum með opinn efnivið og hann sé aðgengilegur fyrir nemendur.
- Í gegnum flæði fá börnin tækifæri til þess að vinna með eigið ímyndunarafl og sköpun í gegnum leik í samskiptum við aðra.
- Sköpun birtist líka gegnum hefðir leikskólans svo sem öskudagsbúninga, stuttmynd , jólaföndur með foreldrum, fjölskyldumyndir og heimamenningu.
- Sköpun birtist í gegnum margvíslegan efnivið, einingakubba, holukubba, legokubba, myndlistaverkefni, dans og í frjálsum leik.
- Stjarna vikunnar er til að kynna fyrir nemendum heimamenningu barnanna í leikskólanum.
- Farið var í að gera ferilmöppur barnanna markvissari, Í ferilmöppur nemenda eru settar skráningar sem lýsa sköpunarferli frá upphafi til enda.
- Áhersla er lögð á ákveðnar skráningar til að sýna hvernig sköpunarafl og geta nemendanna þróast.



Í menntastefnu Reykjavíkur er einnig lögð áhersla á sjálfsefningu og félagsfærni.

SJÁLFSEFLING

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um sína styrkleika og veikleika. Að nemendur útskrifist úr leikskólanum með sterka sjálfsmynd og vitneskju um eigin getu og styrkleika.

Leiðir að markmiðum:

Að nemendur læri að segja síðan skoðun og standa með þeim.

Að nemendur vinni með sína styrkleika.

Að nemendur setji sér markmiði og endurmeti að vori.

Að nemendur læri að vinna með tilfinningar sínar í gegnum Vináttuverkefni Barnaheilla.

Að nemendur æfist í að koma fram fyrir aðra s.s. samnemendur og foreldra.

Að nemendur séu hvattir til sjálfshjálpar s.s. að klæða sig og ganga frá.

Að nemendur fái verkefni við hæfi og út frá sínu áhugasviði, í gengum flæðið stjórna þau hvað þau gera hverju sinni.

Starfsmenn aðstoða nemendur við að koma sér í leik ef þarf og hjálpa nemendum að velja sér viðfangsefni í flæðinu.

Starfsfólk nýti markvissa endurgjöf til að styrkja sjálfsmynd nemenda, hrós og hvatning.



FÉLAGSFÆRNI

Í Menntastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram: *Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.*

Í flæðinu er grunnur lagður að eflingu í félagsfærni, þau þurfa að velja sjálf, vinna með öðrum, mynda tengsl við mismunandi nemendur, milli deilda og innan deilda leikskólans. Í Stakkaborg er unnið markvisst með lýðræði s.s. að nemendur velja hvað er í matinn. Lýðræðið tengist flæðinu en þar fá nemendur að velja hvað er í boði á svæðunum, þau hafa mikil áhrifa á hvaða þema er tekið fyrir, leitast við að nýta áhugasvið barnanna í vali á verkefnum og viðfangsefnum hverju sinni.

Markmið: Að nemendur fá gott rými til að efla félagsleg samskipti í gegnum leik. Að nemendur læri um lýðræði og að þeirra ákvarðanir séu nýttar og hafi áhrif á leikskólastarfið.

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur læra markvisst að þurfa að deila með öðrum s.s. leiksefnivið og eru nemendur hvattir til að aðstoða og leiðbeina samnemendum.
- Frjálsa leiknum er gefið gott rými í öllu starfi leikskólans jafnt úti sem inni og að öll börn séu virkir þátttakendur.
- Vinátta er eitt af gildum leikskólans þar sem unnið er markvisst með samvinnu og samkennd allra barna.
- Hlutverk starfsfólks er að leiðbeina nemendum í frjálsa leiknum og vera til staðar. Einnig að gera skráningar á einstaklings og hópskráningar á samskiptum og leik barnanna. Starfsfólk er hvatt til að spyrja opinna spurninga til að efla gagnrýna hugsun barnanna.
- Markvisst er unnið með lýðræðisleg vinnubrögð í skólasamfélaginu, að þau fái að vera leiðtogar, setja reglur og taka ákvarðanir sem varða skólastarfið t.d. val um mat, hvað á að vera í flæðinu, viðfangsefni í vinnustundum, útinámi.
- Verkefni eru unnin sem tengjast aðilum í nærsamfélaginu og hvað er að gerast í samfélaginu hverju sinni.
- Starfsfólk Stakkaborgar á að koma eins fram við öll börn og við hvort annað og bera virðingu fyrir fjölbreytileika samfélagsins.

HUGMYNDAFRÆÐI LEIKSKÓLANS

DEWEY

Leikskólinn byggir á hugmyndafræði John Dewey um það að barnið uppgötvi og læri af eign reynslu, sé virkt og skapandi í leikjum sínum. Að barnið læri í gegnum leikinn, en leikurinn er einmitt helsta kennsluaðferð leikskólans. Leikskólinn byggir því á kenningum John Deweys um það hvernig börn læra. Dewey var barndarískur menntafrömuður (1859-1952) og hafði hann mikinn áhuga á námi og kennslu barna, þóttu hugmyndir hans róttækar. Dewey taldi að skólinn ætti að vera smækkuð mynd af samfélagi þar sem lýðræðisleg samskipti væru viðhöfð. Að læra með því að framkvæma voru einkunnarorð hans. Benti hann á að hlutverk kennarans væri að leiðbeina börnum og fá þau til að hugsa um það sem þau væru að gera, en það taldi hann best að gera með því að spyrja börn spurninga sem leiddu til menntandi umræðu. Dewey leit á börn sem skapandi, hugsandi og virka einstaklinga sem læra með því að framkvæma. Kennarinn væri hins vegar í lykilhlutverki til að efla og styðja við þekkingarleit barna.

LEIKUR

„Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Í Stakkaborg er frjálsum leik gefið gott rými og er leikurinn mikilvægasta námsleið leikskólans. Í frjálsa leiknum kemur m.a. fram sköpunargleði, hugmyndaflug, mismunandi hlutverk og í gegnum leikinn tjáir nemandinn sig eðlilega. Við lærum í gegnum leikinn og þess vegna er mikilvægt að hafa efnivið sem bíður upp á marga möguleika, s.s. kubba, spil, efni fyrir skapandi starf og efnivið sem ýtir undir hlutverkaleik. Hlutverk starfsfólks er að styðja við nám nemenda í gegnum leikinn. Starfsfólk aðstoðar nemendur við að komast inn í leikinn og fylgist með hvað fer fram í leiknum. Það er mikilvægt fyrir starfsfólk að vera vakandi yfir því hvað fer fram og nýta tækifærið til að dýpka skilning og þekkingu nemenda enn frekar þegar leikurinn á sér stað með því að vera þátttakendur, spyrja opinna spurninga og hvetja nemendur áfram í jákvæðum samskiptum. Starfsmenn aðstoða nemendur við að leysa úr ágreiningi sem getur komið upp í leiknum.

FLÆÐI

Í Stakkaborg er unnið með flæði, en það er tími þar sem nemendur fá tækifæri til að leika sér á sínum forsendum. Flæðið fer fram á báðum eldri deildunum og þar velja nemendur sér svæði til að leika á en það er vitað fyrirfram hvaða leikefniviður er á hverju svæði fyrir sig. Nemendur geta þannig valið sér svæði út frá áhugasviði og gerir það að verkum að þau komast frekar í „flæði“ í leiknum þegar þau geta valið hvar þau leika.

Flæði eykur líka á lýðræði og sjálfstæði meðal nemendanna og þau stjórna sjálf hvað þau gera hverju sinni. Nemendur hafa líka áhrif á hvað er í boði hverju sinni á valsvæðunum. Hugtakið Flæði vísar í hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihlayi sem setti fram hugmyndafræði um flæði og bjó hugtakið til. Flæði eru þær stundir þegar við njótum okkar sem best, verkefnin taka yfir hug okkar og við gleymum stund og stað. Við teljum að með því að bjóða upp á umhverfi þar sem nemendur velja sér svæði þá séum við að skapa aðstæður til að nemendur komist í flæði í leiknum. Með því að setja niður svæði sem bjóða upp á fjölbreytt verkefni erum við að auka líkur á því að nemendur velji sér verkefni sem ýti undir upplifunina að komast í flæði í leiknum.

FJÖLMENNING

Leikskólinn vinnur eftir fjölmenningsstefnu Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar :
Heimurinn er hér.

Megináherslur stefnunnar eru

- fjölbreyttir kennslu og starfshættir
- íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi
- foreldrasamstarf

Í skóla og frístundastarfi Reykjavíkurborgar skal stefnt að því að

- koma til móts við þarfir allra barna með því að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti
- öll börn ná árangri í íslensku enda er hæfni í íslensku meginforsenda lýðræðislegrar þátttöku og jafnréttis í íslensku samfélagi
- öll börn með annað móðurmál en íslensku þróa með sér virkt tvítyngi þ.e.s. öðlist færni til að efla og viðhalda móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku
- börn og ungmenni eigi í gagnvirkum samskiptum þar sem þau fá tækifæri til að standa jafnfætis öðrum með virðingu að leiðarljósi um leið og þau læra hvert af öðru
- starfsfólk leggi sig fram um að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess svo byggja megi nám leik og frístundir barnsins og á fyrri reynslu þess og þekkingu

- hafa frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnamiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla geti orðið að hindrun í starfi

Leiðir að markmiðum eru m.a.

- Velkomin í hverfið mitt en þar erum við í samstarfi við Þjónustumiðstöð Vesturbær, Miðborg og Hlíðar og gengur út á að hafa a.m.k. tvo móttökufundi fyrir fjölskyldur í hverfinu þegar barnið er að byrja í leikskólanum . Á fyrri fundinum kynna deildastjóri/leikskólastjóri fyrir foreldrum móttökuáætlun skólans , hvað felst í því að vera foreldri í leikskólanum og starf leikskólans og hvaða væntingar foreldrar hafa til skólans. Á seinni fundinum kynna fulltrúar þjónustumiðstöðvarinnar hvað foreldrum/fjölskyldum stendur til boða í hverfinu.
- Það er alltaf boðið upp á túlka á fundum – foreldraviðtölum og eða þegar þarf
- við notum Hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla . En þeim er ætlað að auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku
- Gefðu 10 sem er einföld aðferð ætluð til að auka samræðu við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál
- flæðislestur, aðferð við bókalestur þar sem bók er lesin oft með sama hópnum og einstaka barna þar sem áherslan er lögð á að taka út orð úr bókinni og dýpka orðaforðann hjá barninu
- heimamenning, þar við vinnum verkefni í samvinnu við heimili / fjölskyldu barnanna

VINÁTTA

Í Stakkaborg er unnið með námsefnið Vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla. Þar kynnast nemendur bangsanum Blæ sem er í leikskólanum með þeim alla veturinn. Blær kennir þeim ýmsar samskiptareglur og lagt er áhersla á að kenna nemendum umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki í samskiptum sín á milli.

„Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því“

(<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinata/um-vinattu>) .

LUBBI

Á öllum deildum er unnið með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ en það er kennsluefni sem byggir á notkun táknrænna hreyfinga fyrir hvert málhljóð sem gerir hljóðin nánast sýnileg og áþreifanleg. En með því að læra tákn hljóðanna eru nemendur fljótari að ná málhljóðinu og nýta sjón-, hljóð, heyrnar og hreyfi/snertiskyn sem auðveldar börnum að læra hljóðin.

Yngsta deildin hlutar á lögin úr Lubba og les bókina. Einnig læra nemendur sitt tákn fyrir sinn fyrsta bókstaf í nafni sínu. Miðdeildin fer enn dýpra í námsefnið og lærir fleiri tákn og vinnu með á fjölbreyttan þátt. Það sama á við á elstu deildinni en þá bætist einnig við umskráning og hljóðtenging sem eru einn af undirstöðupáttum þess að læra að lesa.

HUGARFRELSI

Við nýtum aðferðir Hugarfrelsis í hópavinnu og í hvíld með eldri börnum. Þar læra nemendur t.d. fingraöndun en með þeirri aðferð fá nemendur tæki til að æfa öndun og bæta þannig vellíðan. Við nýtum joga með hópum eftir því sem hópstjórar vilja en með joga eru nemendur að æfa hreyfingar og læra góðar aðferðir til að vinna með öndun og almenna vellíðan. Í tengslum við vináttu er einnig unnið með nuddsögur en þar er nemendum kennt að óska eftir leyfi til að nudda hvort annað og virða mörk. Nuddsögurnar fylgja verkefnum Vináttu og eru skemmtilegt uppbrot og kenna nemendum að vera góðir vinir.

MENNING OG HEFÐIR

Leikskólinn heldur í nokkrar hefðir sem hafa verið í leikskólanum undanfarin ár.

Bangsadagur en hann er haldinn 27. október ár hvert en þá mega nemendur koma með bangsann sinn og stundum mætum við í náttfötum þann dag.

Vinaviku höldum við í kringum baráttudag gegn einelti sem er 8. nóvember.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember en þá fáum við stundum heimsókn nemenda úr Háteigsskóla sem lesa fyrir nemendur, syngja og heimsækja okkur.

Desember og aðventan: Í byrjun desember höfum við opna viku þar sem foreldrum gefst kostur á að vera með í starfinu í stutta stund yfir daginn. Foreldrar eru beðnir að láta deildarstjóra vita áður hvenær þeim ætli að koma. Við bökkum piparkökur á öllum deildum í lok nóvember eða byrjun desember. Nemendur og foreldrar mála svo piparkökurnar á föndurdegi sem haldinn er í leikskólanum en þá eru malar piparkökur og jólasكور til að setja út í gluggann fyrir jólasveinana. Nemendur mæta þá með gamla skó eða útbúa pappaskó til að

setja í gluggann. Við hvetjum nemendur til að koma með sama skóinn að ári liðnu og bæta á hann skrauti og nýtum þannig umhverfshugsjónina.

Jólaball er í höndum foreldrafélagsins en foreldrafélagið hefur fengið aðgang að sal í Háteigsskóla og sér um alla skipulagningu á þeim viðburði.

Jólasveinar hafa mætt á svæðið og það oft verið í samstarfi við foreldrafélagið til að standa straum að kostnaði við það.

Í janúar höldum við vasaljósaviku en það er skemmtileg hefð að fara út með ljósin í garðinn og lýsa upp endurskinsmerki sem eru sett í garðinn. Þessi vika er nýtt á fjölbreyttan hátt til að vinna með ljósið og skuggana.

Í kringum þrettándann höldum við búningadag eða náttfatadag.

Bóndadagurinn er haldinn hátíðlegur og þá er öllum pöbbum, bræðrum, öfum og frændum boðið í morgunmat. Í hádeginu þann dag er borðaður þorramatur og þar gefst börnunum tækifæri til að smakka þorramat.

Dagur leikskólans er 6. febrúar og við reynum að gera okkur glaðan dag þann dag en það er misjafnt hvernig honum er fagnað.

Dömukaffi er svo haldið í tengslum við konudaginn og þá mega mömmur, ömmur, systur og frænkur koma í morgunkaffi.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru dagar með sínar hefðir í mat en á öskudag er lagt mikið í búningagerð sem unnið er að nokkra daga, jafnvel vikur fyrir öskudaginn. Nemendur koma með bol af heiman sem má breyta í búning, þá er farið í hugarflug með nemendum um hvaða búning hver og einn ætlar að gera og svo hefst hönnunarferlið. Öskudagurinn er svo haldinn hátíðlegur í búning og kötturinn sleginn úr tunnunni sem inniheldur poka með snakki fyrir börnin.

Ferð í sveitina er farin ár hvert en þá koma foreldrar með og lagt er af stað að morgni og komið um eða eftir hádegi. Deginum er eitt saman í sveitinni og grillað. Það hefur skapast mikil hefð fyrir þessum ferðum og foreldrar allra nemenda mætt með í ferðina.

Sumarhátíð er í upphafi sumars og um þá skemmtun sér foreldrafélagið að miklu leiti. Starfsfólk tekur virkan þátt í deginum og mismunandi hvað er boðið upp á hverju sinni.

STJÓRNUN OG SAMSTARF

Stjórnun og samstarf innan leikskólans þarf að taka mið af starfsmannahópnum en fyrst og fremst með það í huga að starfsfólki líði vel í leik og starfi. Starfsstaðurinn þarf að bera þess merki að starfsfólki líði vel og sé umhugað um gæði starfsins og samvinnu sín á milli. Stjórnendur leggja áherslu á jákvæðni starfsmanna og að starfsfólk fái að njóta sín í daglegum verkefnum.

STJÓRNUN OG STARFSMANNASTEFNA

Starfsmannastefna Stakkaborgar tekur mið af mannauðs- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Við leggjum áherslu á fjölbreytileikann í starfsmannahópnum og að allir hafi eitthvað að leggja til starfsins. Við leggjum áherslu á lausnarmiðað starfsumhverfi þar sem starfsmannahópurinn vinnur að sameiginlegum lausum. Við viljum að hér sé skólabragur sem einkennist af virðingu fyrir vinnufélögum, góðum starfsanda, samvinnu og opinni umræðu um skólastarfið. Stjórnendur leggja sig fram um að skapa gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólkið. Við leggjum áherslu á að taka á þeim málum sem upp koma innan leikskólans milli starfsmanna. Við leggjum áherslu á meðal starfsmanna að horfa jákvætt á verkefnið sem við tökumst á við, horfum á verkefni í stað vandamála og reynum að finna lausnir í stað þess að tala um álag. Við ræðum mikið um mikilvægi hvers og eins í starfsmannahópnum og að starfsstaðurinn gengur vel þegar allir eru í sama liði og allir á staðnum. Í maí 2021 fengum við afhent verðlaun sem einn af Framúrskarandi vinnustöðum Reykjavíkurborgar, en þeir skólar sem fengu þá viðurkenningu komu best út úr starfsmannakönnun og með lága veikindaprósentu. Við teljum þessa viðurkenningu mikilvæga og teljum að með henni séum við að uppskera þá vinnu sem farið hefur verið í varðandi að skapa hér gott starfsumhverfi.

Starfsmannfundir : Við erum með starfsmannafundi 4-6 sinnum yfir árið að loknum vinnudegi og 6 skipulagsdaga.

Deildarfundir: Allar deildir halda deildafund á hálfmánaðar fresti og skiptast á að sinna nemendum hinnar deildarinnar þegar þessir fundir fara fram.

Undirbúningur : Allir starfsmenn sem sinna nemendum fá undirbúning en mismargar klukkustundir eftir starfssamningum. Tímasetning undirbúnings er skipulagt af leikskólastjóra og deildarstjórum fyrir hverja deild. Áhersla er lögð á að nýta undirbúninginn vel og í vinnu fyrir faglegt starf. Deildarstjórar taka undirbúning á sama tíma en það eykur líkur á samstarfi og samvinnu milli deilda.

Stjórnendafundir: Stjórnendateymi fundar einu sinni í viku alla jafna en falla niður ef aðstæður bjóða ekki upp á þá s.s. vegna manneklu.

Starfsþróunarsamtöl: Eru haldin núna þrisvar sinnum á ári þar sem farið er yfir afmarkað efni í hverju viðtali. Með þeim samtölum hvetjum við starfsfólk til eigin starfsþróunar og til að meta eigin líðan og framvindu í starfi. Leikskólastjóri tekur viðtöl við alla starfsmenn og ræddar eru gagnkvæmar kröfur sem gerðar eru til starfsins. Þarna gefst líka stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða það sem vel gengur og hvað þarf að bæta innan leikskólans.

Starfsþróun: Starfsmenn sækja símenntun, námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur á starfsdögum en einnig á öðrum tímum. Starfsmenn geta haft áhrif á sína starfsþróun með vali á endurmenntun.

Starfsáætlun: Starfsáætlun er unnin fyrir hvert skólaár og sent til Skóla- og frístundaráðs til samþykktar. Foreldraráð leikskólans gefur starfsáætluninni umsögn sem fylgir þegar þetta er lagt fyrir skóla- og frístundaráð. Í starfsáætlun er farið yfir síðasta skólaár og lögð fram áætlun fyrir næsta vetur sem og framtíðarstefna í ýmsum mállefnum.

Starfsmannafélag: Innan leikskólans er starfsmannafélag og allir hvattir til að taka þátt í því starfi. Starfsmannafélagið er til þess að skapa góðan mórál, eiga samskipti utan vinnu og til að þetta starfshópin til að öllum líði vel að vinna í Stakkaborg.



SAMSTARF LEIKSKÓLA OG FORELDRA

Foreldrar eru mikilvægir í öllu starfi leikskólans og leggjum við mikla áherslu á jákvætt samstarf við foreldrahópinn. Á haustönn er boðið upp á fund fyrir foreldra þar sem farið er yfir starfið í Stakkaborg. Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið heldur utan um viðburði á vegum foreldrafélagsins s.s. jólaball og sumarhátíð. Í foreldrafélaginu er 2 – 3 foreldrar af hverri deild en í foreldraráðinu er einn af hverri deild. Foreldraráðið er þátttakandi í ýmsum greinagerðum og ákvörðunum innan leikskólans, foreldraráðið hefur umsagnarrétt um skólanámskrá og aðrar áætlanir. Við nýtum foreldraráðið oft til að bera upp ákveðnar hugmyndir og fá þeirra álit á ýmsum ákvörðunum.

Við nýtum þátttökuaðlögun á öllum deildum en tilgangur þess er að foreldrar kynnist leikskólastarfinu og starfsfólki með því að vera þátttakendur í hinum almenna leikskóladegi í upphafi leikskólans.

Við hvetjum foreldra til að koma til okkar og ræða málin ef eitthvað er ábótavant en einnig að bera út góðar umsagnir um leikskólann – það er okkar hagur að jákvæðar raddir heyrist um starf leikskólans, þá vitum við að við erum á réttri leið.

SAMSTARF MILLI SKÓLASTIGA

Stakkaborg er í samstarfi við nágrannaskólann Háteigsskóla. Nóaborg og Klambrar eru einnig okkar helstu nágrannaleikskólar og hefur samgangur milli þessara leikskóla verið mis mikill milli ára. Núna undanfarið hefur lítið verið hægt að vinna að sameiginlegum verkefnum eða til að hittast til að samræma okkur milli leik- og grunnskóla. En við sjáum þar ónýtt tækifæri og vonumst eftir enn meiri samvinnu þar á milli næstu árin. Við höldum í heiðri verkefninu Skilaboðaskjóðan en það byggir á samstarfi milli leik- og grunnskóla hverfisins. Stakkaborg, Nóaborg, Klambrar og Háteigsskóli eru saman í því samstarfi. Nemendur fá tækifæri til að fara í heimsóknir milli þessara skóla en er það gert til þess að styrkja nemendur og að þeir kynnist áður en þeir fara saman í grunnskólann í hverfinu.

SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI

Nærumhverfi leikskólans er nýtt til göngutúra fyrir alla aldurshópa. Eldri nemendur heimsækja margar stofnanir sem staðsettar eru í við Kringluna, vesturbænum eða miðbænum s.s. Hörpuna, Þjóðaminjasafnið, Bókasafnið í Kringlunni, Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið.



MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA

Meta þarf allt skólastarf og hvernig grunnþættir aðalnámskrá tvinnast inn í starfið. Meta þarf hvernig kennsla, leikur og nám birtist í starfi leikskólans. Nám barnanna er metið út frá líðan, alhliða þroska, sjálfstæði, tjáningu og samskiptum, þátttöku nemenda í leik úti og inni, félagsfærni og stöðu nemenda innan hópsins, samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft. Í mati innan leikskóla er talað um innra og ytra mat.

INNRA MAT

Í innra mati er það starfsfólk leikskólans sjálfs sem leggur faglega grunn að endurbótum í leikskólastarfinu út frá ýmsum þáttum. Með matinu er berið að tryggja að starfsemin sé samkvæmt lögum um leikskólastarf og gæði starfsins séu metin. Starfsfólk, foreldrar og nemendur eru þátttakendur í innra mati leikskólans. Starfsfólkið sinnir innra mati t.d. á starfsdögum þar sem farið er yfir matslistum og skráningum á líðan nemenda. Foreldrar eru virkir þátttakendur með því að vera í góðu samtali við starfsfólk deildanna um líðan sinna barna hverju sinni. Foreldrar fá tækifæri til að mæta í foreldraviðtöl og þar gefst gott tækifæri til að meta starfið hverju sinni og heyra upplifum foreldra af leikskólanum. Nemendur takast á við verkefni þar sem unnið er með líðan og upplifum innan leikskólans og þannig öðlast leikskólinn mikilvægar upplýsingar um starfsemina hverju sinni. Nemendur meta starfið í samtölum i t.d. samverustundum eða við matarborðið og þar sem þau eru hverju sinni. Stjórnendur leikskólans vinna á hverju ári starfsáætlun þar sem sett eru fram markmið um starfið og hvaða leiðir á að fara hverju sinni. Foreldrar koma að þeirri vinnu þar sem foreldraráð leikskólans gefur umsögn um starfsáætlunina hverju sinni sem síðan er send til Skóla- og frístundaráðs til samþykktar. Innan innra matsin er unnið með ferilmöppur, skráningar, matslista og foreldraviðtöl.

FERILMÖPPUR

Í leikskólanum er yfirliti yfir nám og líðan nemenda safnað saman í ferilmöppur hvers nemanda, sem síðan í lok leikskólagöng fer heim með hverjum nemenda fyrir sig. Í þessar ferilmöppur er framvindu í fínhyfingum gerð góð skil í gegnu listaverk nemenda. Þar eru einnig margar skráninga yfir ferðir og verkefni sem eru unnin með hópum og einstaklingum hverju sinni.

SKRÁNING

Í ferilmöppurnar fara skráningar sem hópstjórar hvers hóps halda utan um. Með skráningum er verið að skrá niður líðan, samskipti og ýmis afrek sem nemendur upplifa í leikskólanum. Skráningarnar gefa foreldrum góða mynd af líðan nemenda og hvaða verkefnum nemendur vinna með hverju sinni. Hóp skráningar eru einnig nýttar og þá eru nemendur í samvinnu og

Þá gefst gott tækifæri til að lesa vel í barnahópin s.s. líðan og stöðu nemendans innan hópsins.

MATSLISTAR

Fyrir foreldraviðtöl eru sendar heim óskir um að foreldrar setji saman hvaða þætti þeir telji mikilvæga fyrir sitt barn að æfa sig í innan leikskólans. Þar er verið að horfa á styrkleika og hvað nemendur þurfi frekari þjálfun við. Starfsmenn fara svo yfir óskir foreldrar og vinna með þá þætti sem foreldrar telja að þurfi að vinna enn frekar með hverjum einstakling.

Matslistar menntastefnunnar eru mikilvægir þættir í skólastarfinu og fara allar deildir reglulega í gegnum þá lista. Tilgangur þeirra er að kortleggja deildarnar og ýta á hvaða þætti þarf að sinna betur innan hverrar deildar fyrir sig.

FORELDRAVIÐTÖL

Foreldraviðtöl eru tekin á hverju hausti og vori en þá er farið yfir hvað hefur gengið vel og hvaða þætti þarf að vinna betur með hjá hverju barni fyrir sig. Foreldraviðtöl gefa gott tækifæri til að ræða líðan nemandans í leikskólanum og fyrir utan leikskólann.

Foreldraviðtölin eru einnig vettvangur til að ræða saman ef þarf að skoða eitthvað varðandi þroska nemenda og gefa góð ráð ef þarf. Foreldraviðtölin gefa deildarstjórum tækifæri til að fara yfir styrkleika hvers barns fyrir sig. Við höfum haft foreldraviðtöl á staðnum, í síma eða í gegnum tölvuna á zoom.

YTRA MAT

Með ytra mati er átt við utanaðkomandi matsaðila sem rýna í skólastarfið hverju sinni. Það getur verið á vegum Skóla- og frístundsviðs, Mennta og menningarmálaráðuneytis eða annara opinbera aðila. Í ytra mati eru gerðar skoðunarkannanir s.s. foreldrakönnun og starfsmannakannanir, vettvangsheimsóknir, greining gagna og viðtöl þegar farið er í úttektir á starfseminni. Á hverju ári er starfsmannakönnun framkvæmd og árið 2021 fékk Stakkaborg verðlaun sem Fyrirmyndarvinnustaður innan Reykjavíkurborgar. Við nýtum okkur það innra mat sem framkvæmt er til að rýna í starfið og skoða hvaða þætti þarf að útfæra betur. Foreldrakönnun er send út af SFS og nýtum við það mat til að skoða vellíðna barna, foreldra og hvaða þætti við þurfum að bæta eða breyta í okkar starfi.

STUÐNINGUR Í LEIKSKÓLA

Í leikskólum Reykjavíkurborgar er unnið út frá skóal án aðgreiningar og snemmtækri íhlutun. Þar kemur fram að vinna eigi markvisst með viðurkenndum aðferðum sem hjálpa til við að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu nemenda. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra þegar upp koma áhyggjur af námslegri stöðu nemenda eða þroskafrávik. Með snemmtækri íhlutun er átt við að hefja sem fyrst íhlutun s.s. marksvissa málörvun eða þjálfun til að vinna með þá þætti sem nemenda á erfitt með. Mikilvægi félagslegrar færni hefur einnig verið að festa sig enn frekar í sessi þar sem lögð er áhersla á að kenna nemendum félgasfærni í samskiptum í gegnum leik. Snemmtæk íhlutun sem unnin er í nærumhverfi hvers nemanda er talin skila bestum árangri.

GRUNUR UM FRÁVIK

Þegar foreldrar eða starfsfólk hafa grun um þroskafrávik eða annan vanda hjá nemenda í skólanum þá ræðir sérkennslustjóri eða deildarstjóri við foreldra. Foreldrar eru hvattir til að leita til skólans hafi þeir áhyggjur af þroska nemenda eða félagslegri stöðu. Sérkennslustjóri og deildarstjóri fylgja málinu eftir með athugun inni á deild, fylgjas með nemenda í aðstæðum innan deildarinnar. Þá er auðveldara að kortleggja hvaða áhyggjur eru til staðar og hvernig hegðun, líðan eða þroskafrávik birtist hjá nemendanum í samskiptum við börn eða fullorðna.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Á Laugarvegi 77 er rekin Þjónustumiðstöð hverfisins. Þar er að finna félagsráðgjafa fyrir íbúa og alla stoðþjónustu sem leikskólinn byrjar að leita til ef um frávik eða einhverja athugun á þroskaframvindu barna í leikskólanum. Þar er að finna hegðurnarráðgjafa, talmeinafræðing og sálfræðing.

Sérkennslustjóri sér um að óska eftir stuðningi vegna nemenda sem þess þurfa. Til þess að það sé gert þarf að fara í gegnum ákveðna ferla sem óskir um stuðning til Þjónustumiðstöðvar. Sérkennslustjóri nýtir ýmsa matslista í samvinnu við Þjónustumiðstöðina á Laugarvegi sem hefur veg og vanda að því að úthluta stöðuhlutföllum eða greiðslum til að hægt sé að nýta í þjálfun og stuðning við ákveðna nemendur.

SÉRKENNSLA OG MÁLÖRVUN

Sérkennslustjóri fer reglulega inn á deildir og hittir nemendur til að fylgjast með þroskaferli nemenda og hugar að hvernig málþroski nemenda þróast. Sérkennslustjóri tekur nemendur í ýmsar æfingar og þjálfun, bæði einstaka nemendur og nemendahópa. Sérkennslustjóri sér um að halda utan um teymi vegna þeirra nemenda sem fá úthlutaðan stuðning. Sérkennslustjóri sér um gerð einstaklingsnámskráa fyrir sérkennslu þeirra nemenda sem þess þurfa. Þegar nemendur færast yfir í aðra skóla sér sérkennslustjóri að skila upplýsingum um þá nemendur sem hafa fengið stuðning eða aðra íhlutun.

Í daglegu hópastarfi fer fram málörvun í stærri og minni hópum. Námsefnið Lubbi finnur málbein er mikið notað, námsefni úr Fjölbreyttum kennsluaðferðum, Leikur að læra, Vináttu og fleiri aðferðum er nýtt til að vinna með málörvun á sem fjölbreyttastan hátt. Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar sinna svo aukinni íhlutun fyrir fámennari hópa eða í einstaklingsþjálfun.

Góð samvinna við foreldra er lykil forsenda þess að vel gangi að fá úthlutun fjármagns vegna sérþarfa nemenda. Foreldrar þurfa að gefa samþykki fyrir því að leitað sé eftir aðstoð vegna nemandans, en tilgangur leikskólans er alltaf að bera hag nemandans fyrir brjósti – að við getum veitt hverjum og einum nemanda eins einstaklingsmiðað nám og hægt er til að efla þorska. Tilgangur leikskólans er alltaf sá að leyfa nemandanum að njóta vafans, að nemandinn fái sem fyrst snemmtæka íhlutun svo að nemandinn nái að blómstra í sínu námi og upplifi vellíðan í leikskólanum.

Árið 2022 fékk sérkennsla leikskólans Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir Teymi í sérkennslu. En það ýtir enn frekar undir fagleg vinnubrögð og metnað innan vinnustaðarins að fá verðlaun sem þessi.

